



AMÍ 2024

REYKJANESBÆ



Aldursflokkameistaramót Íslands í sundi, AMÍ, fer fram í Vatnaveröld í Reykjanesbæ 28. – 30. júní 2024 í samstarfi við Íþróttabandalag Reykjanesbæjar

Staðsetning: Vatnaveröld, Reykjanesbæ

Keppendur: Keppt er í aldursflokkum:
11 ára og yngri, 12-13 ára og 14-15 ára

Reglur: Keppnin fer fram í samræmi við reglur World Aquatics, SSÍ og IPC.

Skráningarfrestur: Skráningarfrestur er til og með 12. júní 2024.
Skráningar sem berast eftir að skráningarfrestur er liðinn verða teknar til greina ef pláss leyfir og verður rukkað seinskráningargjald fyrir þær skráningar.

Lágmarkatímabil: 22. júní 2023 – 12. júní 2024.
Lágmörk eru hér að aftan og í lenex skránni.

Lágmörk: Keppendur í öllum aldursflokkum öðlast keppnisrétt á mótinu með því að ná a.m.k. öðru af útgefnum lágmörkum í sínum aldursflokk og þurfa, að lágmarki, að keppa í einni grein sem þeir ná lágmarki í. Þeir mega keppa í allt að fimm einstaklingsgreinum auk boðsunda, að því tilskyldu að eiga löglegan tíma í greininni sem ekki er eldri en frá sama móti árinu áður.

Lið sem eiga færri keppendur á AMÍ en fjóra geta sótt um að bæta við keppendum óháð lágmörkum á AMÍ þó þannig að heildarfjöldi keppenda þeirra félaga verði ekki fleiri en fjórir. Þeir keppendur sem þannig fá keppnisrétt á AMÍ mega keppa í allt að þremur 50-200 metra einstaklingsgreinum, að uppfylltu því skilyrði að eiga löglegan tíma í greininni sem ekki er eldri en frá sama móti árinu áður.

Umsóknir um ofangreindar undanþágur þurfa að berast skrifstofu SSÍ a.m.k. 15 dögum áður en mót hefst með tölvupósti á sundmot@iceswim.is.

Verðlaun: Á AMÍ eru veitt verðlaun fyrir fyrsta til sjötta sæti í einstaklingskeppni miðað við aldursflokka, en sá sem á besta tímann í greininni miðað við aldursflokk hlýtur sæmdartítilinn Aldursflokkameistari Íslands í þeirri grein. Í boðsundum skal veita verðlaun fyrir fyrsta til þriðja sæti í aldursflokkum.

Matur og gisting: Íþróttabandalag Reykjanesbæjar býður upp á matar og gistipakka á AMÍ. Nánari upplýsingar um útfærslu og verð verður að vinna á heimasíðu mótsins þegar nær dregur.

Úrskráningar: Mótsstjórn verður að fá tilkynningar um úrskráningar eins fljótt og auðið er.
Úrskráningar þurfa að berast skriflega til mótsstjórnar eða með tölvupósti á netfangið sundmot@iceswim.is að lágmarki 3 tímum áður en mótshluti

hefst. Berist úrskráning eftir tíma áskilur SSÍ sér rétt til að rukka fyrir gjald fyrir að mæta ekki til keppni.

5.000 kr. gjald er fyrir að mæta ekki til keppni (DNS) og verður það rukkað á félög að móti loknu.

Keppendaherbergi: Keppendur skulu mæta tímanlega í keppendaherbergi þar sem stefnt er að því að marsera inn keppendur. Þetta fyrirkomulag verður kynnt nánar á tæknifundinum.

Verðlaunaafhendingar: Verðlaunaafhendingar fara fram í öllum hlutum og munu koma fram á dagskrá mótsins. Þau sem eiga von á verðlaunum skulu mæta til verðlaunaafhendingar í liðsgöllum. Tilkynnt verður á tæknifundinum hvar verðlaunahafar eiga að mæta til verðlaunaafhendingar. Mæti verðlaunahafi ekki til verðlaunaafhendingar er heimilt að svipta keppanda verðlaunum sínum.

Tæknifundur: Tæknifundur verður á Teams, miðvikudaginn 26. júní 2024 kl. 12:00. Þar verða tilkynntar breytingar á fyrirfram auglýstri dagskrá ef einhverjar eru, auk þess sem nánari upplýsingar og tilkynningar koma fram. Tengiliður liðsins fær sent boð á fundinn sem hægt er að senda áfram á þá þjálfarar og liðsstjóra sem verða á mótinu.

Lokahóf: Á sunnudeginum að lokinni keppni verður lokahóf þar sem veittar verða viðurkenningar fyrir stigahæstu einstaklingana í aldursflokkum, auk þess sem stigahæsta liðið verður krýnt. Nánari upplýsingar um dagskrá og verð koma fram á heimasíðu mótsins þegar nær dregur.

Sé misræmi í því sem kemur fram hér að framan og því sem er í reglugerð mótsins, gildir reglugerðin.

Nánari upplýsingar má nálgast á síðu mótsins: <https://sundsamband.is/ami>

Tengiliður:

Leifur Guðni Grétarsson: sundmot@iceswim.is

Hlökkum til að sjá ykkur í Reykjanesbæ!

Reglugerð

Aldursflokkameistaramót Íslands í sundi

1. grein

Aldursflokkameistaramót Íslands – AMÍ er haldið árlega síðari hluta júnímánaðar.

2. grein

Mótið er haldið í 25 metra laug með að lágmarki 5 brautum. Mótinu er skipt í fimm hluta. Þá daga sem mótið fer fram er óheimilt að stofna til annarrar sundkeppni meðal sambandsaðila SSÍ. Leitast skal við að halda mótið utan höfuðborgarsvæðins og skal skipting milli landshluta vera með eftirfarandi hætti:

- Svæði 1: austur og norður (höfuðborgarsvæðið ef ekkert annað lið sækir um)
- Svæði 2: vestur og suður (höfuðborgarsvæðið ef ekkert annað lið sækir um)

Til nánari útskýringar: Ef mótið er haldið á svæði 1 á fyrsta ári skal það haldið á svæði 2 árið eftir og svo koll af kolli. Sæki ekkert félag á viðkomandi svæði sem á réttinn það árið, er heimilt að halda mótið á höfuðborgarsvæðinu eða úthluta því til félaga frá öðrum landshlutum sæki þau um að halda mótið.

3. grein

Lágmörk á Aldursflokkameistaramótið eru ákveðin af stjórn SSÍ. Lágmörk eru gefin út árlega fyrir hvern árgang, 11-15 ára. Stjórn SSÍ hefur tillögur þjálfaranefndar SSÍ og yfirmanns landsliðsmála til hliðsjónar við ákvörðun sína um lágmörk.

Lágmörk skulu gefin út í eftirfarandi greinum:

Flokkur 1: 100m skriðsund og 100m fjórsund (11 ára og yngri)

Flokkur 2: 200m skriðsund og 100m fjórsund (12 – 13 ára)

Flokkur 3: 200m skriðsund og 200m fjórsund (14 – 15 ára)

Keppendur í öllum aldursflokkum öðlast keppnisrétt á mótinu með því að ná a.m.k. öðru af útgefnum lágmörkum í sínum aldursflokki og þurfa, að lágmarki, að keppa í einni grein sem þeir ná lágmarki í. Þeir mega keppa í allt að fimm einstaklingsgreinum auk boðsunda, að því tilskyldu að eiga löglegan tíma í greininni sem ekki er eldri en frá sama móti árinu áður.

Lið sem eiga færri keppendur á AMÍ en fjóra geta sótt um að bæta við keppendum óháð lágmörkum á AMÍ þó þannig að heildarfjöldi keppenda þeirra félaga verði ekki fleiri en fjórir. Þeir keppendur sem þannig fá keppnisrétt á AMÍ mega keppa í allt að þremur 50-200 metra einstaklingsgreinum, að uppfylltu því skilyrði að eiga löglegan tíma í greininni sem ekki er eldri en frá sama móti árinu áður.

Umsóknir um ofangreindar undanþágur þurfa að berast skrifstofu SSÍ a.m.k. 15 dögum áður en mót hefst.

4. grein

AMÍ er aldursflokkaskipt meistararamót í sundi þar sem keppt er beint til úrslita.

Karlaflokkar:	Kvennaflokkar:
1. 11 ára og yngri	1. 11 ára og yngri
2. 12 – 13 ára	2. 12 – 13 ára
3. 14 – 15 ára	3. 14 – 15 ára

5. grein

Mótið er stigakeppni félaga. Tveir hröðustu einstaklingar hvers félags í hverri grein og aldursflokki geta tekið stig fyrir félagið. Stig eru gefin miðað við sætaröð keppenda. Í boðsundum er keppt í aldursflokkum og stig gefin miðað við sætaröð boðsundssveita í lok greinar.

Hverju félagi er heimilt að senda tvær sveitir til keppni í hverri boðsundsgrein í aldursflokki, en einungis önnur (hraðari) sveitin getur tekið stig fyrir félagið.

8 hröðustu einstaklingarnir í hverri grein og aldursflokki eða 8 hröðustu boðsundssveitirnar í hverjum aldursflokki fá stig. Stig fyrir boðsund er tvöföld miðað við einstaklingsgreinar.

Stigin eru reiknuð á eftirfarandi hátt:

1. sæti 10 stig (boðsund 20 stig)
2. sæti 8 stig (boðsund 16 stig)
3. sæti 6 stig (boðsund 12 stig)
4. sæti 5 stig (boðsund 10 stig)
5. sæti 4 stig (boðsund 8 stig)
6. sæti 3 stig (boðsund 6 stig)
7. sæti 2 stig (boðsund 4 stig)
8. sæti 1 stig (boðsund 2 stig)

Verði félög jöfn að stigum í heildarstigakeppni félaga skulu stig-fyrir boðsund ráða sæti félagana. Verði félög þá ennþá jöfn að stigum skal hlutkesti ráða röð félaga.

6. grein

Á AMÍ eru veitt verðlaun fyrir fyrsta til sjötta sæti í einstaklingskeppni miðað við aldursflokka sem taldir eru upp í fjórðu grein, en sá sem á besta tímunn í greininni miðað við aldursflokk hlýtur sæmdartílinn Aldursflokkameistari Íslands í þeirri grein. Í boðsundum skal veita verðlaun fyrir fyrsta til þriðja sæti í aldursflokkum.

Aldursflokkaverðlaun einstaklinga eru veitt þeim keppendum sem ná bestum samanlögðum árangri samkvæmt stigatöflu WORLD AQUATICS eftirfarandi:

Flokkur 1: Engin stigaverðlaun, allir keppendur fá sérstaka viðurkenningu fyrir þátttöku á AMÍ

Flokkur 2: 200m skriðsund, 100m fjórsund ásamt stigahæstu grein þar fyrir utan (12 ára & 13 ára)

Flokkur 3: 200m skriðsund, 200m fjórsund ásamt stigahæstu grein þar fyrir utan (14 ára & 15 ára)

7. grein

SSÍ ákveður greinaröðun og tilkynnir a.m.k. einum mánuði áður en mót hefst.

Míða skal við að eftirfarandi greinar séu í boði fyrir meðfylgjandi aldursflokka. Sundfólk syndir eingöngu í sínum aldursflokki í einstaklingsgreinum:

Flokkur 1: (11 ára og yngri)

50 metra flugsund, 50 metra baksund, 100 metra baksund, 50 metra bringusund, 100 metra bringusund,

50 metra skriðsund, 100 metra skriðsund og 100 metra fjórsund

Boðsund: 4x50 metra fjórsund, 4x50 metra skriðsund og 4x50 metra skriðsund blandað

Flokkur 2: (12-13 ára)

100 metra flugsund, 100 metra baksund, 200 metra baksund, 100 metra bringusund, 200 metra bringusund, 100 metra skriðsund, 200 metra skriðsund, 400 metra skriðsund, 100 metra fjórsund og 200 metra fjórsund.

Boðsund: 4x50 metra fjórsund, 4x100 metra skriðsund og 4x50 metra skriðsund blandað

Flokkur 3: (14-15 ára)

100 metra flugsund, 200 metra flugsund, 100 metra baksund, 200 metra baksund, 100 metra bringusund,

200 metra bringusund, 100 metra skriðsund, 200 metra skriðsund, 400 metra skriðsund, 800 metra skriðsund,

200 metra fjórsund og 400 metra fjórsund

Boðsund: 4x100 metra fjórsund, 4x100 metra skriðsund og 4x50 metra skriðsund blandað

8. grein

Síðasta grein mótsins er 10x50 metra skemmtiboðsund, sem ekki telur til stiga í stigakeppni félaga. Félögum er heimilt að sameinast um sveitir.

Dagskrá:

DAGSKRÁ AMÍ 2024

Hópur 1

strákar 11 ára & yngri
stelpur 11 ára & yngri

Hópur 2

strákar 12-13 ára
stelpur 12-13 ára

Hópur 3

strákar 14-15 ára
stelpur 14-15 ára

Föstudagur f.h.

200 bak

50 skrið

100 bak

100 bringa

100 bringa

200 fjór

800 skrið

föstudagur e.h

100 skrið

100 skrið

50 bak

200 bringa

400 fjór

4x50 skrið

4x100 skrið

4x100 fjór

Laugardagur f.h.

200 bringa

50 flug

100 bringa

200 flug

100 bak

400 skrið

400 skrið

laugardagur e.h.

200 skrið

200 skrið

100 skrið

100 flug

100 flug

4x50 fjór

4x50 fjór

4x100 skrið

Sunnudagur f.h.

100 fjór

100 fjór

200 fjór

50 bringa

200 bak

100 bak

4x50 skrið mix

4x50 skrið mix

4x50 skrið mix

10x50 skrið mix

Lágmörk:

KARLAFLOKKUR - aldur miðast við almanaksár (31. desember)			
15 ára (2009)	25m braut	50m braut	16,66m braut
200m skriðsund	02:33,92	02:36,99	02:30,84
200m fjórsund	02:57,52	03:01,07	02:53,97
14 ára (2010)	25m braut	50m braut	16,66m braut
200m skriðsund	02:43,26	02:46,52	02:39,99
200m fjórsund	03:09,35	03:13,13	03:05,56
13 ára (2011)	25m braut	50m braut	16,66m braut
200m skriðsund	02:55,30	02:58,81	02:51,80
100m fjórsund	01:35,70		
12 ára (2012)	25m braut	50m braut	16,66m braut
100m skriðsund	01:27,88	01:29,64	01:26,13
100m fjórsund	01:42,96		
11 ára & yngri (2013)	25m braut	50m braut	16,66m braut
100m skriðsund	01:37,63	01:39,58	01:35,68
100m fjórsund	01:52,59		

KVENNAFLOKKUR - aldur miðast við almanaksár (31. desember)			
15 ára (2009)	25m braut	50m braut	16,66m braut
200m skriðsund	02:40,13	02:43,33	02:36,93
200m fjórsund	03:02,53	03:06,18	02:58,88
14 ára (2010)	25m braut	50m braut	16,66m braut
200m skriðsund	02:45,93	02:49,25	02:42,61
200m fjórsund	03:09,98	03:13,78	03:06,18
13 ára (2011)	25m braut	50m braut	16,66m braut
200m skriðsund	02:54,60	02:58,10	02:51,11
100m fjórsund	01:33,79		
12 ára (2012)	25m braut	50m braut	16,66m braut
100m skriðsund	01:26,03	01:27,75	01:24,31
100m fjórsund	01:39,12		
11 ára & yngri (2013)	25m braut	50m braut	16,66m braut
100m skriðsund	01:35,23	01:37,14	01:33,33
100m fjórsund	01:50,04		